

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1711**2016/EES/18/41**

frá 17. september 2015

um gerð vöruskrár ESB yfir iðnaðarvörur fyrir árið 2015 eins og kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91 frá 19. desember 1991 um að hefja könnun á iðnaðarframleiðslu í Bandalaginu ⁽¹⁾, einkum 6. mgr. 2. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EBE) nr. 3924/91 er krafist að aðildarríkin geri könnun á iðnaðarframleiðslu í Bandalaginu.
- 2) Könnunin á iðnaðarframleiðslu verður að byggjast á vöruskrá þar sem tilgreind er sú iðnaðarframleiðsla sem ber að kanna.
- 3) Vöruskrá er nauðsynleg fyrir samræmingu framleiðslutalna og hagskýrslna um utanríkisverslun og til að gera mögulegan samanburð við vöruflokkun eftir atvinnugreinum (CPA).
- 4) Vöruskráin, sem gerðar eru kröfur um í reglugerð (EBE) nr. 3924/91 og nefnist „vöruskrá ESB“ [áður „vöruskrá EB“], gildir fyrir öll aðildarríkin og er nauðsynleg til samanburð á gögnum milli aðildarríkja.
- 5) Uppfæra þarf vöruskrá ESB og því er nauðsynlegt að semja skrána fyrir árið 2015.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Vöruskrá ESB fyrir árið 2015 skal vera eins og sett er fram í viðaukanum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 254, 30.9.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2016 frá 5. febrúar 2016 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. EB L 374, 31.12.1991, bls. 1.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. september 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Jean-Claude JUNCKER
forseti.

[Viðaukinn er birtur í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* L 254, 30.9.2015, bls. 3-350.]